

SAMEIGINLEG ÞINGMANNANEFND ESB OG ÍSLANDS

**Fyrsti fundur
4. – 5. október 2010
Reykjavík, Íslandi**

TILMÆLI¹

um samningaviðræður ESB og Íslands um aðild að ESB og tengsl ESB og Íslands

Samþykkt 5. október 2010

- A. SAMEIGINLEGA ÞINGMANNANEFNDIN:
- gerir sér ljóst að Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu með því að leggja umsókn fyrir formennskuríki ráðs Evrópusambandsins, Svíþjóð, 17. júlí 2009, að leiðtogaáriðið ákvað 17. júní 2010 að hefja aðildarviðræður við Ísland og að aðildarviðræðurnar hófust formlega á ríkjaráðstefnu ESB og Íslands 27. júlí 2010;
- B. er meðvituð um hið víðtæka samstarf sem verið hefur milli Evrópuþingsins og Alþingis Íslendinga;
- C. er minnug þess að hin sameiginlega þingmannanefnd Evrópuþingsins og þjóðþings umsóknarríkis er óaðskiljanlegur hluti af umsóknarferli og skapar vettvang fyrir þinglegt eftirlit, yfirsýn og formleg skoðanaskipti við ríkisstjórn umsóknarríkisins og stofnanir Evrópusambandsins;
- D. viðurkennir að ákvörðunin um hvort Ísland muni ganga í Evrópusambandið, á grundvelli sáttmálans sem eftir er að semja um, hvílir í höndum íslensku þjóðarinnar í formi þjóðaratkvæðagreiðslu, nauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá Íslands í kjölfarið, og í höndum aðildarríkjanna í formi fullgildingar;

¹ Sameiginlega þingmannanefndin hefur, í samræmi við 3. reglu starfsreglna sinna, beint eftirfarandi tilmælum til Evrópuþingsins, Alþingis og ríkisstjórnar Íslands, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu

1. fagnar fyrsta fundi ríkjaráðstefnunnar milli ráðs Evrópusambandsins og Íslands 27. júlí 2010;
2. veitir athygli ramma samningaviðræðnanna við Ísland, sem ráðherraráð ESB um almenn málefni samþykkti 26. júlí 2010, þar sem meginreglum um samningaviðræðurnar og efnisatriðum þeirra er lýst ásamt samningaferlinu sjálfu;
3. veitir athygli almennri afstöðu ríkisstjórnar Íslands sem kynnt var á ráðherrafundi þeim sem markaði upphaf ríkjaráðstefnunnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu 27. júlí 2010;
4. viðurkennir náð samstarf Íslands við ESB sem aðila að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og aðila að Schengen-samningunum og Dyflinnar-samningnum;
5. viðurkennir mikilsvert framlag Íslands til samheldni og samstöðu í Evrópu með framlögum til fjármagnskerfisins (e. financial mechanism) á grundvelli EES frá árinu 1994;
6. ber virðingu fyrir því að Ísland sé herlaust land og lofar framlag Íslands til borgaralegra hættustjórnunaraðgerða samkvæmt sameiginlegri stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum; viðurkennir öryggishagsmuni Íslands til lengri tíma sem felast í að varðveita þá hefð að Ísland sé herlaust land og tilheyri sterkri evrópskri fjölskyldu sem stuðlar að friði og rekur stefnu gegn útbreiðslu geryðingarvopna;
7. viðurkennir að aðild Íslands hefði í för með sér að Evrópusambandið yrði heildstæðara í landfræðilegu tilliti og myndi styrkja hina norðlægu vídd sambandsins;

Um pólitísk viðmið vegna ESB-aðildar

8. leggur áherslu á langa og trausta lýðræðishefð Íslendinga og að löggjöf landsins samræmist regluverki ESB að miklu leyti; leggur áherslu á, í þessu samhengi, að innganga Íslands geti orðið bæði landinu og ESB til góðs;
9. leggur áherslu á framúrskarandi samvinnu þingmanna Evrópuþingsins og Alþingis á tuttugu fundum þingmanna ESB og Íslands allt frá árinu 1987 og á vettvangi sameiginlegrar þingmannanefndar EES í meira en 16 ár og fagnar því að gagnkvæm tengsl milli þinganna tveggja hafa styrkst í ljósi umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu, einkum með tilkomu sameiginlegrar þingmannanefndar ESB og Íslands sem styrkja mun umsóknarferlið;
10. lofar íslensk stjórnvöld fyrir ráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar á undanförunum mánuðum og tryggja eiga sjálfstæði dómstóla;
11. lofar Ísland fyrir frábæra frammistöðu sína á sviði mannréttinda sem sýnir sig í samþykkt alþjóðlegra samninga þar um, löggjöf og framkvæmd;

Um efnahagsleg viðmið vegna ESB-aðildar

12. vekur athygli á að á heildina litið hefur Ísland staðið sig með fullnægjandi hætti við að framfylgja skyldum sínum innan EES og sannað að það getur staðist samkeppnisþrýsting og markaðsöfl innan ESB; vekur þó athygli á að frekara átaks er þörf svo unnt sé að tryggja fullt samræmi við réttarreglur EES og að Eftirlitsstofnun EFTA hefur skilvirkt eftirlit með þeim málum;
13. fagnar þeirri stefnu að auka skuli fjölbreytni í íslenska hagkerfinu sem er nauðsynlegt skref í átt að efnahagslegri velferð landsins til lengri tíma;
14. bendir á að umhverfismál eru forgangsmál innan ESB og fagnar því hve Ísland beitir sér mikið í umhverfismálum;
15. vekur athygli á að þrátt fyrir að endurskipulagning í ríkisfjármálum sé áfram eitt mikilvægasta viðfangsefnið séu uppörvandi vísbendingar um bættan efnahagsstöðugleika á Íslandi; lítur á þær ráðstafanir í peningamálum, sem gerðar hafa verið fram að þessu, sem skref í rétta átt til að bæta fjármála- og efnahagsstöðugleikann;
16. viðurkennir ákveðna og kerfisbundna framgöngu íslenskra stjórnvalda í að leita orsaka og úrræða eftir efnahags- og fjármálahrunið; lofar sérstaklega skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu Þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, og hvetur til frekari aðgerða í því skyni að leysa úr þeim brýnu stjórnmalalegu, fjárhagslegu og stofnanalegu göllum sem lýst er í skýrslunum;
17. veitir athygli yfirlýstri ósk Íslands um að verða hluti af evrusvæðinu til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika til langs tíma; leggur áherslu á að unnt er að ná því takmarki ef íslenska þjóðin samþykkir aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu og að uppfylltum öllum nauðsynlegum skilyrðum;

Geta Íslands til þess að taka á sig skuldbindingar sem fylgja aðild að ESB

18. vekur athygli á að vegna aðildar sinnar að EES er Ísland langt komið með að uppfylla kröfur tíu samningskafla, uppfyllir að miklu leyti kröfur ellefu kafla og eru þá aðeins eftir tólf kaflar, sem ekki falla undir EES-samninginn og semja þarf um að öllu leyti;
19. vekur athygli á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt áherslu á að Ísland grípi til aðgerða til að samræma löggjöf sína regluverki ESB í því skyni að uppfylla viðmið varðandi aðild sem miðast við niðurstöður samningaviðræðnanna við inngöngu í Evrópusambandið;
20. vekur athygli á að óblítt veðurfar, erfiðar landfræðilegar aðstæður og það, hversu afskekkt landið er, setur mark sitt á íslenskan landbúnað sem og á mikilvægi landbúnaðargeirans að því er varðar fæðuöryggi; vekur athygli á að þörf er á ítarlegum undirbúningi áður en tekin verður upp landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarstefna er samræmist stefnu ESB og niðurstöðum aðildarviðræðna; fer þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að Ísland komi að yfirstandandi umræðum um umbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni;

21. viðurkennir að sjávarútvegur gegni lykilhlutverki í efnahagslífi og menningu Íslands; lofar sjálfbæra stjórnun Íslands á auðlindum sjávar og hvetur bæði ESB og íslensk stjórnvöld til að ganga með jákvæðu hugarfari til samningaviðræðna um þá kröfu að Ísland taki upp sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópu, sem nú er í endurskoðun, svo að niðurstaða fáiist, sem báðir aðilar geti sætt sig við, á grundvelli bestu starfsvenja, einstæðra landfræðilegra einkenna Íslands og sem þjóni hagsmunum bæði sjómanna og neytenda, jafnt innan ESB sem á Íslandi;
22. hvetur Ísland og ESB til þess að leysa öll ágreiningsefni sem óleyst eru varðandi hvalveiðar á meðan samningaviðræður um aðild standa yfir;
23. vekur athygli á að Ísland hefur margt mikilvægt fram að færa til umhverfismála, orkumálastefnu og sjálfbærrar þróunar í ESB, með reynslu sinni og þekkingu m.a. á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og baráttunnar gegn loftslagsbreytingum;

Samvinna milli svæða við norðurheimskaut

24. gerir sér grein fyrir vaxandi tækifærum og krefjandi verkefnum á norðurskautssvæðinu og fagnar hugsanlegri aðild Íslands að ESB sem mikilvægu tækifæri, bæði fyrir ESB og Ísland, þar sem ESB yrði gert kleift að gegna virkara og uppbyggilegra hlutverki en áður, og leggja sitt af mörkum til marghliða stjórnunarháttá á norðurskautssvæðinu;

Almenningsálit og stuðningur við stækkun

25. leggur áherslu á nauðsyn víðtækrar og upplýstrar opinberrar umræðu um aðild að ESB, með þátttöku borgaralegs samfélags í ferlinu, sem fjalli um áhyggjuefni íslenskra borgara um aðild að ESB, þannig að íslenska þjóðin verði sem best undir það búin að taka upplýsta ákvörðun um að kjósa með eða á móti aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.